



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur 2024 – Korpan

- Vallarmörk eru girðingar, hvítar línur og hvítar stikur. Á **2, 3, 9 og 27**. braut markar steinkantur á malbikuðum vegi vallarmörk. Á **3**. braut eru vallarmörk norðan (hægri) bakki árinna. Á **4. – 8**. braut marka malbikaðir gangstígar hægra megin vallarmörk. Á **9**. braut markar malbikaður stígur vinstra megin vallarmörk. Á **12. og 13**. braut markar malbikaður stígur hægra megin vallarmörk. Ávallt skal miða við þá brún malbiksins sem liggur nær vellinum.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
- Gervigrasstigur við hliðina 6. flötinni er grund í aðgerð og lausn er veitt samkvæmt **reglu 16.1**.
- Fallreitir, boltann þarf að láta falla innan fallreits og stöðvast innan hans:
 - 3. Braut:**
 - Lendi bolti í vítasvæði, má fara á fallreit gegn einu vítahöggi.
 - 13. braut:**
 - Lendi bolti í vítasvæði vinstramegin má fara á fallreit gegn einu vítahöggi.
 - Lendi bolti á stíg vinstramegin, má fara á fallreit **vítalaust**.
 - 14. braut**, lendi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit flatarmegin við vítasvæðið gegn einu vítahöggi.
 - Ef boltinn eftir upphafshögg fer alveg yfir vítasvæðið (Korpuá), þar sem hún er merkt sem rautt vítasvæði en hoppar þaðan tilbaka inn í vítasvæðið má leikmaður taka lausn samkvæmt **reglu 17.1** en þó aldrei nær holu.
 - 18. braut**, endi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit gegn einu vítahöggi. ATH. Kominn er nýr fallreitir sem er staðsettur þar sem gamli rauði teigurinn var staðsettur, rétt við vítasvæðið.
 - 18. braut**, endi bolti í blóma/trjá beði við skálann eða fyrir aftan 18. flötina, eða handan þess, **verður** leikmaður að fara á fallreit sem staðsettur er við hliðina á 10. teig, **án vítis**.
- Vítasvæði:
 - Sé vítasvæði merkt aðeins öðrumegin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
 - Sé vítasvæði merkt með hælum inni háu grasi, miðast vítasvæðið við slátturöndina, á háa grasinu.
- Grund í aðgerð:
 - Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi eða bláar og hvítar línur er það bannsvæði og leikmenn verða að taka fría lausn útúr grundinni.
- Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalaus lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
 - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
 - Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
 - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
 - Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

- Þangað til annað verður tilkynnt, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9750